124. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE) haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, þriðjudaginn 20. október 2026 og hófst hann kl. 10:30.

Fundinn sátu:
Arnar Ólafsson og Jón Ólafur Þorsteinsson.

Fundargerð ritaði: Jón Ólafur Þorsteinsson, Verkefnisstjóri byggingarmála.

Dagskrá:

1. **Sölvastaðir - Umsókn um byggingarheimild - E2609053**

   Erindi dagsett 21.09.2026 þar sem Sölvastaðir ehf. sækir um byggingaráform og byggingarleyfi/heimild fyrir viðbyggingu á núverandi fóðurgeymslu á lóðinni Sölvastaðir, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Vigfús Halldórsson.

   Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

2. **Holt - Umsókn um byggingarheimild - E2610006**

   Erindi dagsett 04.10.2026 þar sem Grettir Hjörleifsson sækir um byggingaráform og byggingarleyfi/heimild fyrir bílskýli á lóðinni Holt, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Guðjón Þórir Sigfússon.

   Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

3. **Hagabrekka 4 - Íbúðarhús og bílgeymsla 2022 - 2203011**

   Erindi dagsett 12.10.2026 þar sem Ottó Biering Ottósson sækir um breytingu á áður samþykktum teikningum fyrir Hagabrekku 4, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Stefaníu Helgu Pálmarsdóttir.

   Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkti erindið 13.10.2026.

4. **Lónsvegur 9 - Umsókn um byggingarleyfi - H2510014**

   Erindi dagsett 14.10.2026 þar sem BB byggingar ehf. sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum fyrir Lónsveg 9, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Steinmar Heiðar Rögnvaldsson.

   Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

5. **Lónsvegur 11 - Umsókn um byggingarleyfi - H2510015**

   Erindi dagsett 14.10.2026 þar sem BB byggingar ehf. sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum fyrir Lónsveg 11, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdrættir eftir Steinmar Heiðar Rögnvaldsson.

   Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30

Arnar Ólafsson **Jón Ólafur Þorsteinsson**